

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Vestmannaeyjabæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 630/2004.

#### 1. gr.

11. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar og skal dagskrá fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögakveðnar kosningar, s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar og varaforseta, kosningar ráða, stjórna og nefnda á vegum bæjarstjórnar og formanna og varaformanna þeirra ráða, sem kveðið er á um í 1. – 5. tl. 1. mgr. 42. gr., svo og ráðningar bæjarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá bænum.
2. Fundargerðir ráða stjórna og nefnda á vegum bæjarins sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga. Óski bæjarfulltrúi eftir umræðu eða atkvæðagreiðslu um einstaka liði fundargerða, skal hann beina erindi þess efnis til bæjarstjóra, a.m.k. 30 klukkustundum fyrir bæjarstjórnarfund og í síðasta lagi fyrir kl. 16.00 á föstudag vegna funda sem halda á mánudag þar á eftir og skal hlutaðeigandi liður/málefni þá tekið inn sem sérstakur dagskrárlíður. Bæjarstjóri getur sömuleiðis ákveðið að einstakir liðir í fundargerðum verði teknir inn sem sérstakur dagskrárlíður. Að öðru leyti fer um afgreiðslu fundargerða, skv. 3. mgr. 30. gr.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. 30 klukkustundum fyrir bæjarstjórnarfund og í síðasta lagi fyrir kl. 16.00 á föstudag vegna funda sem halda á mánudag þar á eftir.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi einum sólarhring fyrir bæjarstjórnarfund hafa sent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar, ásamt dagskrá. Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti undirbúið sig fyrir fundinn. Mál sem bæjarstjórn tekur á dagskrá funda sinna skulu tekin í þeirri tímaröð sem þau bárust bæjarstjórn eða eftir ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni.

Bæjarstjóra er heimilt að senda fundarboð, dagskrá og fylgigögn með rafrænum hætti til bæjarfulltrúa, nema bæjarfulltrúi óski sérstaklega eftir að fá slík gögn boðsend heim.

#### 2. gr.

Við 18. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein, sem verður 3. mgr. svohljóðandi:

Forseti hefur heimild til að fresta fundi tímabundið ef upp koma óviðráðanleg ytri atvik sem gera fundarhöld ómöguleg, s.s. ef bæjarfulltrúar geta ekki sótt fundi. Í slíkum tilvikum skal hann ákveða hvenær nýr fundur skal boðaður, en hann skal boðaður eins fljótt og kostur er.

#### 3. gr.

2. mgr. 24. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls í allt að 5 mínútur í fyrra skiptið og allt að 3 mínútur í seinna skiptið. Óski bæjarfulltrúi eftir lengri umræðu vegna einstaks máls sem er til umfjöllunar á fundinum skal hlutaðeigandi beina beiðni þess efnis til forseta og skal ræðutími í fyrri umræðu þá lengdur í 15 mínútur og í 5 mínútur við seinni umræðu. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að tala í þriðja sinn til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd sem getur þá einnig tekið til fundarstjórnar forseta. Má þá þessi liður umræðunnar ekki taka lengri tíma en tvær mínútur. Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega tala þrisvar við hverja umræðu máls með sömu tímatakmörkunum og að ofan greinir og í allt að 5 mínútur í þriðja skiptið.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. samþykktarinnar:

- a) 1. mgr. verður svohljóðandi:  
Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtalin ráð, stjórnir og nefndir auk formanna og varaformanna ráða skv. 1. – 6. tl. á fundi sínum í júnímánuði ár hvert:
- b) Í stað „sjö aðalmenn“ í 2. tl. 1. mgr. kemur: fimm aðalmenn.
- c) Í stað „sjö aðalmenn“ í 3. tl. 1. mgr. kemur: fimm aðalmenn.
- d) Í stað „sjö aðalmenn“ í 4. tl. 1. mgr. kemur: fimm aðalmenn.
- e) Í stað „sjö aðalmenn“ í 5. tl. 1. mgr. kemur: fimm aðalmenn.
- f) 6. tl. 1. mgr. verður svohljóðandi: Framkvæmda- og hafnaráð. Fimm aðalmenn og fimm til vara.
- g) 7. tl. 1. mgr. fellur brott.
- h) 8. tl. 1. mgr. verður 7. tl.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 45. gr. samþykktarinnar:

Í stað orðanna „a.m.k. tveimur sólarhringum“ í 4. mgr. kemur: a.m.k. 30 klukkustundum. Í stað orðanna „mánu- og þriðjudag“ í sömu mgr. kemur: mánudag.

## 6. gr.

Í 3. másl. 1. málsg. 56. gr. samþykktarinnar falla brott orðin: „fyrirtækjum bæjarins“.

## 7. gr.

1. másl. 57. gr. samþykktarinnar verður:

Fjölskylduráð skal að jafnaði halda fundi einu sinni til tvisar í mánuði.

## 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. samþykktarinnar:

- a) 1. másl. verður svohljóðandi: Menningar- og tómstundaráð skal að jafnaði halda fund einu sinni til tvisvar í mánuði.
- b) Í stað orðsins „fjórir“ í 2. másl. kemur: þrír.

## 9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 61. gr. samþykktarinnar:

a) 1. másl. verður svohljóðandi:

Skólamálaráð skal að jafnaði halda fund einu sinni til tvisvar í mánuði.

- b) Í stað orðsins „fjórir“ í 2. másl. kemur: þrír.

## 10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 63. gr. samþykktarinnar:

a) 1. másl. verður svohljóðandi:

Umhverfis- og skipulagsráð skal að jafnaði halda fund einu sinni til tvisvar í mánuði.

b) Í stað orðsins „fjórir“ í 2. másl. kemur: þrír.

## 11. gr.

Í 1. másl. 1. mgr. 64. gr. falla brott orðin „fráveita bæjarins“ og „sorpeyðing“.

## 12. gr.

Á eftir 64. gr. samþykktarinnar bætast tvær nýjar greinar. Breytist röð annarra greina til samræmis við breytinguna:

a. (65. gr.)

Framkvæmda- og hafnarráð. Framkvæmda- og hafnarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni til tvisvar í mánuði. Aukafund skal halda ef bæjarstjóri, formaður ráðsins eða a.m.k. þrír ráðsmenn óska þess.

b. (66. gr.)

Framkvæmda- og hafnarráð fer með yfirumsjón með öllum verklegum framkvæmdum sem bæjarstjórn ákveður, s.s. undirbúning þeirra, útboð, eftirlit og ákvarðanatöku sem þeim tengjast. Þá fer ráðið með umsjón með fasteignum, fráveitum, malbikunarstöð, grjótnámi og sorpeyðingu bæjarins. Ráðið fer með stjórn Vestmannaeyjahafnar og starfar skv. ákvæðum hafnalaga, nr. 63/2001 og hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjahöfn, nr. 671/2005. Ráðið fer jafnframt með ábyrgð á rekstri og starfsemi þjónustumiðstöðvar, slökkviliðsins og sorpeyðingarstöðvar Vestmannaeyjabæjar.

Framkvæmda- og hafnarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Heimilt er að fela ráðinu fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs og stofnana hans og lög mæla ekki á annan veg, sbr. 51. og 52. gr. Ráðið ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka þess.

Ef mál sem framkvæmda- og hafnarráð hefur heimild til að afgreiða eru samhljóða samþykkt í ráðinu hefur bæjarstjóri heimild til að láta framkvæma þau. Ef mótatkvæði koma fram í ráðinu við afgreiðslu máls býður frekari vinnsla þess afgreiðslu bæjarstjórnar.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar hefur sett skv. ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 30. ágúst 2006.*

F. h. r.

**Guðjón Bragason.**

\_\_\_\_\_  
*Stefanía Traustadóttir.*